

## **Starfsreglur stjórnar Verkfræðingafélags Íslands, sbr. 11. gr. laga félagsins. (Sjá neðst í skjali).**

### **1. Skipan stjórnar, formanns og varaformanns.**

- 1.1 Að loknum aðalfundi ár hvert skal formaður boða stjórn saman til fundar og gera tillögu um varaformann. Skal hann kosinn með einföldum meirihluta fram að næsta aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.
- 1.2 Formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Formaður stýrir stjórnarfundum.
- 1.3 Í forföllum formanns kemur varaformaður í hans stað.
- 1.4 Félagsstjórn veitir prókúruumboð fyrir félagsins hönd.
- 1.5 Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum. Stjórnarmönnum ber jafnframt að sýna trúnað og þagmælsku í störfum sínum fyrir félagið.

### **2. Boðun funda og ályktunarhæfi**

- 2.1 Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Formaður boðar til stjórnarfunda, eða framkvæmdastjóri eða staðgengill framkvæmdastjóra fyrir hann, og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundur skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri óskar þess.
- 2.2 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum málum.
- 2.3 Stjórnin getur heimilað öðrum starfsmönnum félagsins að sitja stjórnarfundum.
- 2.4 Boða skal til stjórnarfunda með að lágmarki þriggja daga fyrirvara. Boða má þó fund með skemmri fyrirvara ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt. Hægt er að boða til símafundar eða samskipta með tölvupósti um einstök málefni sem nauðsyn ber til að hljóti umfjöllun strax. Félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur.
- 2.5 Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar.
- 2.6 Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

### 3. Fundargerðir

- 3.1. Haldin skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
  - 3.1.1 Á hvaða stað og tíma stjórnarfundur hefst.
  - 3.1.2 Hverjir taka þátt í fundinum.
  - 3.1.3 Stutta lýsingu á dagskrárliðum, gögnum sem lögð eru fram undir hverjum lið, umræðum og atkvæðagreiðslum á fundinum og/eða hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
  - 3.1.4 Hver ritað hefur fundargerð.
  - 3.1.5 Hvenær fundi lauk og hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn, ef ákvörðun er um það tekin.
- 3.2 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.
- 3.3 Fundargerð skal borin upp til samþykktar og skal hún undirrituð af þeim sem fund sitja, eftir atvikum á næsta fundi stjórnarinnar. Heimilt er að samþykkja fundargerðir rafrænt með rafrænum skilríkjum.
- 3.4 Drög að fundargerð má senda stjórn rafrænt með tölvupósti til yfirlstrar í framhaldi af stjórnarfundum. Komi ekki fram athugasemdir við drögin innan viku frá því að þau voru send út skoðast drögin samþykkt og skal þá undirrita fundargerðina rafrænt eða á næsta stjórnarfundum.

### 4. Þagnar – og trúnaðarskylda

- 4.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Sömu reglur um þagnar- og trúnaðarskylda gilda gagnvart starfsmönnum félagsins.
- 4.2. Stjórnarmaður skal varðveita trúnaðargögn sem hann hefur fengið afhent sem stjórnarmaður. Stjórnarmaður sem lætur af störfum skal afhenda félaginu slík gögn.
- 4.3. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum eða með öðrum hætti.
- 4.4. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum félagsmönnum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsmanna eða félagsins.

## 5. Vanhæfi

- 5.1. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls í stjórn félagsins ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Sé um slík tilvik að ræða er viðkomandi stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra skylt að upplýsa um það.
- 5.2. Leggja skal fyrir stjórnina til samþykkis eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja aðila ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

## 6. Ráðning framkvæmdastjóra

Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir lausn. Stjórnin setur framkvæmdastjóra starfsreglur og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Félagsstjórn getur falið stjórnarformanni að semja sérstaklega um laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

## 7. Starfsskyldur stjórnar og framkvæmdastjóra

- 7.1. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ávallt hafa hag félagsins að leiðarljósi. Þeir skulu þekkja lög félagsins hverju sinni og helstu atriði þess lagaumhverfis sem félagið starfar eftir. Þeir skulu sjá til þess að félagið starfi að þeim markmiðum sem lög þess kveða á um og uppfylli lögboðna upplýsingaskyldu. Þá skulu þeir leitast við að tryggja að ekki sé brotinn réttur á félagsmönnum eða starfsmönnum þess.
- 7.2. Félagsstjórn skal setja félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og marka þá megin stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.
- 7.3. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann er málssvari félagsins ásamt stjórnarformanni og getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan hans verksviðs. Framkvæmdastjóri annast ráðningar starfsmanna félagsins og hefur um það samráð við stjórn eftir því sem þörf er í hverju tilviki fyrir sig.
- 7.4. Félagsstjórn tekur ákvarðanir í þeim málum sem telja verður óvenjuleg eða mikils háttar. Félagsstjórn getur veitt framkvæmdastjóra heimild til slíkra ráðstafana. Eins getur framkvæmdastjóri gert slíkar ráðstafanir ef ekki er unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins og skal hann þá tilkynna stjórninni um ráðstöfunina svo fljótt sem verða má.
- 7.5. Félagsstjórn skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi t.d. hvað varðar reikningskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir.
- 7.6. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

## 8. Eftirlitsskyldur stjórnar

- 8.1. Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og skal hún fylgjast með að fjárhagsáætlun félagsins sé fylgt.
- 8.2. Framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins á stjórnarfundum eftir því sem tilefni gefst til. Félagsstjórn getur á stjórnarfundum krafið framkvæmdastjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem félagsstjórninni eru nauðsynleg til þess að hún geti sinnt starfs- og eftirlitsskyldu sinni.
- 8.3. Stjórnin skal samkvæmt framangreindu fylgjast með starfsemi félagsins á grundvelli upplýsinga sem starfsmenn þess leggja fyrir stjórnina með reglubundnum hætti.

## 9. Endurskoðun og ársreikningur

- 9.1. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmanni félagsins þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem þeir telja nauðsynlega vegna starfa síns.
- 9.2. Framkvæmdastjóri, í samstarfi við stjórn félagsins skal láta semja drög að ársreikningi og skýrslu stjórnar og afhenda endurskoðanda til endurskoðunar eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.
- 9.3. Að lokinni endurskoðun skal leggja ársreikninginn fyrir félagslega skoðunarmenn og félagsstjórnina. Honum skulu fylgja þær ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórnina. Reikningar félagsins skulu samþykktir á aðalfundi sbr. 25. gr. félagslaga VFÍ.

## 10. Um starfsreglur félagsstjórnar

- 10.1. Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum í 11. gr. laga VFÍ.
- 10.2. Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum sér til upplýsingar um starfshætti stjórnarinnar og ábyrgð. Starfsreglur stjórnarinnar skulu einnig vera aðgengilegar félagsmönnum.
- 10.3. Breytingar á starfsreglum þessum skal samþykkja á stjórnarfundum með einföldum meirihluta atkvæða.

*Starfsreglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundum VFÍ 9. mars 2023.*

## Til skýringa úr félagslögum VFÍ:

### 11. gr. Stjórn

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess, að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24. gr.

Í stjórn sitja:

1. Formaður kosinn á aðalfundi til tveggja ára í senn.
2. Tveir meðstjórnendur, sem eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára, sinn meðstjórnarmaðurinn annað hvert ár.
3. Tveir meðstjórnendur, formaður Kjaradeildar og formaður Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi hverju sinni. Við forföll tekur varaformaður sæti síns formanns en annars varamaður.
4. Tveir varamenn, kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, sinn varamaðurinn annað hvert ár. Eru þeir varamenn allra stjórnarmanna.

Endurkjör formanns er heimilt tvisvar. Samfelld stjórnarseta meðstjórnenda og varamanna getur mest verið 6 ár. Kosning stjórnarmanna fer fram með bréflægum eða rafrænum hætti í aðdraganda aðalfundar. Aðeins félagsmenn viðkomandi deilda njóta kosningaréttar að því er varðar meðstjórnendur skv. 3. tl., sbr. 12. og 13. gr. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin setur sér starfsreglur í samræmi við lög þessi og skulu þær vera aðgengilegar félagsmönnum.

Stjórnin heldur fundi þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum.

Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki hafa á sl. 5 árum hlotið refsídóm. Missi stjórnarmaður hæfi sitt tekur varamaður tafarlaust sæti hans. Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem farið geta í bága við hagsmuni félagsins.